



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Vesturlands
Hafnargata 3 340
Stykkishólmur (354) 570 13
12 (354) 895 18 80
www.minjastofnun.is
Kennitala: 440113-0280

Dalabyggð
Þórður Már Sigfússon
skipulagsfulltrúi
Miðbraut 11
370 Búðardalur

Stykkishólmur, 30. maí 2022
MÍ202205-0078/ 6.09 / M.A.S.

Efni: Dalabyggð. Tillaga að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð

Magnús A Sigurðsson
Minjavörður
magnus@minjastofnun.is

Með tölvubréfi dagsettu 11. apríl síðastliðinn óskaði Þórður Már Sigfússon, skipulagsfulltrúi Dalabyggðar, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um tillögu að breytingu á deiliskipulagi fyrir Ólafsdal við Gilsfjörð. Meðfylgjandi voru eftirfarandi skipulagsgögn; greinagerð (18.03.2022), skýringaruppdráttur (18.03.2022), og deiliskipulagsuppdráttur (02.03.2022). Deiliskipulagssvæðið er stækkað upp í 165ha en markmið skipulagsins er sem fyrr verndun og viðhald menningarlandslags í Ólafsdal og uppbygging menningartengdrar ferðaþjónustu, og er stækkun deiliskipulagssvæðisins liður í þeirri uppbyggingu.

Með umsögn, dagsettri 12.05.2022 gerði undirritaður athugasemdir við að 3 minjastaðir virtust vera í hættu vegna fyrirhugaðar skógræktar.

Með tölvubréfi, dagsettu 30. maí 2022, barst undirrituðum nýr skipulagsuppdráttur frá Kristínu Unu Sigurðardóttur, skipulagsfræðing, þar sem tekið var tillit til athugasemda undirritaðs.

Óheimilt er að raska fornleifum á nokkurn hátt án leyfis Minjastofnunar Íslands auk þess sem þær njóta 15m friðhelgunarsvæðis skv. 21. og 22. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Mikilvægt er því að taka tillit til skráðra minja innan svæðisins, útfærslu á t.d. göngustígum, veitulögnum og frágangi lóða. Einnig vill Minjastofnun Íslands minna á ákvæði 21. greinar laga um menningarminjar nr. 80/2012, en þar segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn,

hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands....

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja. Minjastofnun Íslands hefur ekki frekari athugasemdir við fyrirhugað deiliskipulag.

Virðingarfyllst,



Magnús A Sigurðsson
Minjavörður Vesturlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsfulltrúa skipulag@dalir.is

Skipulagsstofnun skipulag@skipulag.is

Kristínu Unu Sigurðardóttur kristin@landmotun.is